

Lágafelli, blóðbændur - starfsemi byrjar í höndum Magnúsar Finnbogasonar í upphafi starfsemi Ísteka, núverandi bændur Halldór Áki og Sæunn Þóra Þórarinsdóttir, leyfishafar hjá MAST um starfsemi með hryssur í tilraunaskini. Starfsemi sem á Lágafelli spannar yfir 40 ár, með okkar tilkomu 2001, í 20 ár.

Hryssurnar hér hafa verið sérstaklega valdar og settar á, með tilliti til afkomu af blóðtöku - í öll árin sem við höfum starfað við blóðtöku, að ráðleggingu bæði Ísteka og Magnúsar, því samkvæmt rannsóknnum - sem Ísteka hefur í höndum; eru skýr merki á milli gæða hryssu til blóðtöku og gæða blóðs sem tekið er við blóðtöku. Ekki eru nefnilega allar hryssur sem eru til þess fallnar að gefa blóð, og árlega fella blóðbændur stóran hóp af hrossum sem ekki nýtast í blóðtökunni; bæði vegna skapgalla en einnig vegna þess að hryssur halda ekki og eða þær selja ekki það hormón sem Ísteka kaupir af bændum (framleiða það ekki).

Á okkar bæ eru margar hryssur sem gefa í hæstu blóðflokk, og enginn sjáanlegur munur á þeim og þeirra blóðgjöf, miðað við þær sem gefa minnst, nema síður sé. Hér eru merfolöld undan þessum betri hryssum sett á fyrir búið en við höfum líka boðið folöld undan þeim til annarra bænda og selt, til að tryggja að þeirra blóðgeta dreifist innan þess hóps sem að bændur hafa í höndum og teljast blóðhryssur, afkoma bænda verður með þeim hætti tryggari.

Við höldum 2 stóð, á þessum bæ - annað stóðið er hér og í nafni foreldra Sæunnar, tilkomið af hryssum sem fengnar hafa verið - úr hópi hrossa sem að hinn almenni reiðmaður og hrossaeigandi heldur í landinu. Þessar hryssur og þetta stóð er áberandi lélegra í blóðstarfi. Fleiri hryssur fara um þann hóp sem felldar eru fyrir skapgalla (enda yfirleitt komnar úr höndum fólks sem gefst upp á þeim vegna skapgalla) og eða að þær framleiða ekki hormónið sem þarf til að selja Ísteka blóð.

Á þessum tveimur stóðum, sem hér eru - væri hægt að gera samanburðarrannsókn í á pappír, til að sjá mismuninn á fjölda hrossa sem að rennur í gegnum þeirra stóð og okkar og ástæður fellingar, sem yfirleitt tengjast lélegri framleiðslu hormónsins sem að safnað er. Ísteka hefur þessi gögn í höndum.

Á Lágafelli, er tekinn mikil ábyrgð á hrossunum, þau eru rekin heim marga daga á ári og stöðugt eftirlit er með líðan þeirra og heilsufari. Þau fá ormalyf og eru eftir besta kosti yfirfarin reglulega um hófa, og gætt að þeim vegna mögulegra vanholda - en okkur hefur reynst erfiðast að halda þeim við fóður, snemma vors - eftir að þau komast á græna nál og fara að elta hana. Þá helst missum við tökin á þeim, en það er sem betur fer í stuttan tíma - grösín taka svo við og þær eru yfirleitt í góðri holdstígun þegar að blóðtíma kemur. (slíkt er líka til á skrá hjá Ísteka).

Hér á bæ, erum við ósátt við tillögur ykkar hóps vegna þeirra "6litra reglu" á hryssu, sem komin er í ákvæði ykkar og spyrjum - á hverju slík rök eru byggð að ykkar hálfu?/ef að engar eru rannsóknirnar um það hvort heilsufari hryssna í 8skipta hópnum, miðað við hrossin sem gefa minnst, hafa verið framkvæmdar? (sem Ísteka er þó með í höndum, að okkar bestu vitund). -

Hér á bæ rákum við augun í nýja reglu um stærð stóðs í holti sem kemur til blóðtöku og spyrjum ykkur í nefndinni; á þessi stærð þá líka við hrossin sem rekin eru af fjalli í réttir á haustin?/standa í gerðum við hestaleigur og hestabúgarða/tamningarstöðvar? Hve lengi mega þau hross standa úti við og í STRESSI í fjallréttum - hross sem sannarlega verða fyrir áfalli innan um hóp allavega vanra einstaklinga sem ráfa þar um drukknir jafnvel í leit að hrossum með hávaða og köllum?

Í tamningastöðvum, þar sem margir starfa, og eru með hrossin lokuð inni næstum 24 tíma á sólarhring, flesta tíma dags í stíum innandyra og yfirleitt ein (hross eru hjarðdýr) en sett út í gerði, 1 og 1 og 2 og 2 - í nokkrar mínútur á dag, - og stundum sett í rekstur með HUNDA og fjórhjól á svokölluðum "rekstrarhringjum" - í kringum ákveðinn flöt á slíku býli, með oft miklum og skyndilegum látum innan hóps, vegna valdabaráttu hrossana í hópnum (allir vita sem halda hross að slíkt er ALLTAF uppi þegar að ókunnug hross koma saman, eða hross sem sjaldan eru sett í hóp - slíkt getur verið stór varasamt). Þessi hross eru yfirleitt úr ýmsum áttum, á öllum aldri og mis vön í höndum manna, unghross í bland við eldri, sem sett eru í þær aðstæður að þau þurfa að safna sér (eins og talað er um að hross geri í rekstri) og læra að fylgja hóp og hver það er í hópnum sem er ÆÐRI (endurtek, hross eru hjarðdýr, í hjörð er alltaf einn í forystu og hinir fylgja, og valdabaráttan milli frekustu einstaklinga getur verið gríðarlega mikil og hörð).

Hryssur í blóðstöði, eru þó allavega vanar saman og kunna sig og eru kurteisar í flestu, ef að bændur passa sig að taka úr hrossin sem að eiga ekki heima í hópnum og fella þau eða losa sig við úr blóðstöðinu. Flestir bændur, sama hvaða búgrein þeir halda, eru af lífi og sál að reyna að lifa af sem bændur, einhvern veginn er þessi búgrein sem blóðmerahald er - ekki minna mikilvægt heildar afkomu bænda en aðrar búgreinar og að sjálfssögðu eru bændur að reyna að GRÆÐA peninga rétt eins og hver sá annar sem að rekur fyrirtæki.

Bændur, fella kýr, kálfa, ær og lömb - hross og folöld og þetta er einn liður í baráttunni við að lifa er t.d þessi blóðsala, sem við sem bændur, vissum bara ekki að væri glæpasamkoma - fyrr en að umræða samfélagsins varð allt í einu á þá leið að þarna færu saman böðlar og bévítans glæpamenn, Ísteka bændur og dýralæknar landsins - og allt sett í nefnd.

Að okkar viti, eru merarnar hér mjög gæfar, þær eru ekkert öðruvísi en önnur hross um það að þær eru sumar hverjar tamdar og verða öndvegis reiðhross, jafnvel hryssur sem verið hafa í blóði en klikkað sem slíkar - hafa verið teknar og tamdar og nýttast vel sem reiðhestar. Það er að okkar fullyrðingu ENGINN munur á blóðhrossi og hinu almenna hrossi sem að hrossaræktendur landsins eru að rækta, að öðru leyti en því að ásamt því að rækta hross, erum við að rækta þennan eiginleika að hryssur geti gefið blóð.

Hingað hafa leitað til okkar hrossaræktendur, jafnvel með stórættaða gripi sem að hafa sett sína hesta í okkar stóð og verið ræktað undan, og hér er svokallað BLUB ræktunarstig, fyrir hrossin ekkert lægra en þeirra sem að skrifa sig hrossaræktendur og eru fremstir í þeirri grein. Hrossin okkar má öll taka og temja og eiga sem reiðhross, en okkar áherslur hafa bara verið á aðra leið - en þeirra er rækta reið og keppnishesta, því við höfum haldið merar í blóð og erum þar af leiðandi, í ræktun okkar - með bæði ræktun reiðhrossa og blóðhryssna í sama pakka.

Hinn almenni hrossaræktandi verður að vanda vel valið á lífdýrum sínum og leggja metnað í starfsemina svo hún skili afkomu, en afkoma fyrir bændur er veigamesti þáttur í starfi hvers þanns sem rekur býli og skiptir uppeldið á ræktunargripunum miklu máli og framkoma við dýrin frá fyrstu stigum þeirra tilveru. Við gerum að okkar viti vel við öll þau hross sem við höldum og höfum í höndum. Því trúum við að aðrir blóðbændur séu líka að gera, enda hefur enginn bóndi hagnað að því og innkomu, ef hann kemur ekki vel fram við sitt stóð/sína gripi í búrekstri.

Hafandi sagt þetta allt, sjáum við á Lágafelli ekki hvernig tillögur ykkar hóps 3.gr. - um tilraunir, kennslu og læknisfræðilegar tilraunir - gangi upp, miðað við það að aðrir bændur með hross - eru í raun í nákvæmlega sama ferli í sinni hrossarækt; þeir rækta hross af tilraun til að rækta betra hross, þeir þurfa að hafa einhverja kunnáttu til þess og getu til að fara með hrossin almennt og það veit hver hrossaeigandi að það eru ekki öll hross sem í þeirra hendur koma, sem að virka sem "eign" vegna allavega þátta sem hafa á samskipti manns og hests - en hverjum hrossaeiganda er skilt að tryggja hrossi sínu bestu líffræðilegu möguleika á lífi, frá fæðingu fram að ellidauða, ef hrossinu er ekki fargað fyrr - og allt er það tilraun til að halda hross, - því öll erum við mannleg og getum gert mistök í lífi okkar og starfi, þó við kannski teljumst sérfræðingar í hverju sem er - það að bændur séu ekki sérfræðingar á sínu sviði er þvættingur og yfirbreiðsla, enginn þekkir sitt stóð betur en bóndinn sem það heldur.

Líffræðilegar tilraunir, eiga og verða að vera í höndum dýralækna en þeir hafa einmitt verið starfandi með bændum og Ísteka við starf bóndans og tekið blóðið og séð um alla þætti er snúa að "líffræðilegri starfsemi" annarri en þeirri að tryggja hrossunum; vatn, hey/grös og viðeigandi rými til vaxtar og viðhalds í högum/aðhaldi. - 3.gr. ykkar og tillögur eru því að okkar mati fallnar um það að ef hún á að standa hljóti hún að standa fyrir alla aðila sem halda hross í landinu, allt þetta fólk er að stunda hestamennsku af tilrauninni einni um að rækta upp hross, sem nýtast til hvers kyns starfsemi - sem að flestum væri gott að fá kennslu við. 8.gr. c - gerir ráð fyrir MÖRGUM starfsmönnum og ég heyri að þið viljið senda starfsmann MAST og Ísteka ætla að senda sína sérfræðinga, til að fylgjast með starfsemi Blóðbænda og leggja mat sitt á starfsemina.

MARGIR eins og áður sagði, sem HANGA yfir við blóðtöku TEFJA - ef þið í nefndinni skylduð ekki hafa áttað ykkur á því. Tafir við hrossin í básnum, af því við erum að eiga við dýr og þeirra náttúrulegu viðbrögð við þrengingum og meðferð manna og umgangi, - valda því að upp í slíkum hópi hrossa verður til núningur, og leiði. Leiði í hrossum, veldur því og það er þekkt í ÖLLUM tamningarstöðvum hringinn í kringum hnöttinn - að hross fara að kítast innbyrðis í hóp, þau fara að bíta frá sér, slást og verða pirruð og stressuð og þau sem að eru styggust lenda aftast í atinu og eru þegar fram kemur, orðin svo vitlaus að þau jafnvel panika.

Þetta er hægt að heimfæra á hrossaréttirnar sem fyrr eru nefndar, reksturinn sem ritað var um í rekstrarhringjunum og hér verður því skrifað og sagt; margir eru ekki endilega það sem þarf við starfið - heldur fólk sem tekur þátt og aðstoðar við að hér fari hrossin hraðar í gegnum réttina og fumlaut án þess að valda töfum eða óþarfa umgangi, sem hrossin eru ekki vön.

Hross eins og allar aðrar lífverur þessa heims, eru hvert og eitt einstaklingar með sinn karakter og þau þekkja hvert annað á lykt meðal annars en einnig í sjón og hross sem að eru í stóði - þekkja auk þess þá sem þau eru með dags daglega og koma við rödd og t.d þekkja þau bæjarbýlinn bæði á hljóði og köll eiganda.

Hross sem lenda í höndum ókunnugra eru komin í aðstöðu sem að þau þekkja ekki og kunna ekki á viðkomandi NÝJAN aðila og lenda í eins og feiminn mannlegur einstaklingur í stressi - bara af því að nýr einstaklingur er að meðhöndla þau. Þau stressast upp af biðinni ef einstaklingurinn sem nýr er, kann ekki handtökin og þekkir ekki til starfsins með sinni tilkomu að básnum og þau stressast upp af því að þekkja ekki nýja einstaklinginn sem er kominn í "manna hópinn" - og þar eruð þið að hugsa um að auka enn á mögulega stress þætti með ykkar reglu um starfsmannahald í kringum blóðtökuna - ... en enginn segir að aukinn mannaflí við blóðtökuna sé flýtir og það er ekki okkar reynsla eftir að hafa hitt allavega starfsmenn MAST og báða eftirlitsaðila Ísteka og MAST frá því undanfarin haust.

Eftirlitsstarfsmenn MAST og eftirlitsaðilar Ísteka, hafa komið og sinnt fyrirfram ákveðnum skyldum sínum í eftirliti en ómældar mínútur hafa samt farið í tafir - starfsmenn sem staðið hafa og spjallað um daginn og veginn á meðan við höfum reynt að sinna um hrossin í blóðtöku við okkar - og valdið óþarfa töfum, í stað þess að þetta fólk hafi brett upp ermar og hjálpað og þeirra álestur og auka snertingar þeirra hafa stressað upp hópinn, og gert starfið meira en þurfti - af því einu að þau hafa birst í húsi.

Hrossin eru ekki von því að það sé verið að veifa aukalega í átt að þeim álestrartækjum fyrir blóðtökuna og alls ekki í okkar hópi eftir að búíð er að hengja upp, þar í bás, eru þær í algjörum friði í okkar höndum, svo þær geti einbeitt sér að því verkefni að vera eins kyrrar og hægt er til að hægt sé að tappa af þeim. Við það verkefni þurfa þær algjört næði. Við stöndum við þær, klöppum yfir enni og kannski mesta lagi snoppu en látum aðra snertingu alveg vera. Þá þýðir ekki að vera á vegum MAST og skella skyndilega yfir þær örmerkjalesara, sem við gerum í rennunni að blóðtökubásnum, og hægt er að gera aftar í rennunni, - og mundi starfsmaður geta lesið heila rennu án þess að trufla í blóði básnum sjálfum.

VINSAMLEG TILMÆLI, eins er vel hægt að skoða hófa og holdafar - á sama stað og þarf ekki að gerast meðan hryssan er stungin.

Þarna þarf að gæta að að, ef slíkt er gert við blóðhryssur - bæði holdafars stigun og örmerki álestur, - þá er e.t.v líka þörf á því - svona til að gæta allrar sanngirnis, - að holdafar hrossa í öllum hesthúsum og á öllum tamningastöðum - sem og í högum annarra bænda en þeirra er stunda blóð - séu holdstiguð og gerð könnun á heilsufari hófa og heilsufarsbók, en - það er ekki betra að halda of grönn, eða of feit hross - en slíkt fullyrðum við að sé ekki bara vesen sem að blóðbændur standa í við sitt hrossahald - það eru fleiri en þeir sem þurfa eftirlit, - en eftirlit er gott, með öllu hinu sem að bændur standa frammi fyrir í búskap sínum - og fyrst þeir greiða fyrir eftirlit, er kannski sanngjarnt að þeir fái þá skoðun sem greitt er fyrir - alla leið heim að bæ - en ekki bara með því að senda pappíra og skrá niður í hjarðbók - án þess að það verði nokkurt gagn af eftirlitinu - fyrr en alltof seint, sbr. Nýlegt mál um hrossahald áhugamanns, sem ekki stóðst kröfur um dýrahald.

Ill meðferð á hrossum er eitthvað sem of oft gerist og á sannarlega að breyta ef verið er að taka til í hrossahaldi almennings, með byrjun væntanlega á blóðbændum, fyrst nefndin er að taka þar til en væntanlega verður heimfærð á alla bændur sem halda hross? -

En við skiljum það sem svo að þið ætlið lengra í eftirlitinu - ef blóðbændur eiga að sitja að þeim kröfum sem hér eru gerðar um aukið eftirlit. Sérstaklega er hér bent á kröfu í 8.gr. / g - þar sem segir að blóðtökuhryssur megi ekki eiga folald fyrr en við 4 v aldur og líftími sem blóðhrossi sé lokið við 24 v aldurinn og spurt er; er þar með gerð sú krafa að hinn almenni hrossaræktandi sé og haldi hross með sama hætti - en nýlega var viðtal um "frægustu ættmóður íslenska hestsins sem féll 26 v - og hafði þá misst folald nýkastað" - og ítarlega fjallað um afrek hennar sem stóðhesta og ættmóður - í sérriti hestamanna - Hver er þá reglan? Ef hún er sett, og aðrir hestamenn lúta ekki sömu lögum? - Er hægt að setja lög, sem ekki virka nema fyrir ákveðinn hóp hestamanna?

Hér erum við ekki með eldri hryssur í blóðtöku, en 21 vetra - max 22 vetra ef hryssan hefur gert gott og flestar byrja 4 vetra í blóði og sér ekki á þeim. Hryssa sem kastar eftir ákveðinn aldur, á erfiðara með að fyljast og erfiðara með að kasta, yfirleitt af því að hrossið er feitara og það veldur meiri líffræðilegum vandræðum við fyrstu köstun; - sjá rannsóknir þar um (Bendi á sérfræðigreinar Charlottu Oddsdóttur um æxlun hrossa).

Hross, þurfa að hafa eins og öll önnur dýr - aðstæður sem þau þekkja og treysta - allar breytingar valda og vekja upp flóttu og stress, og það að þarna standi til að komi menn/konur og standi yfir heilan dag, með tilheyrandi töfum, er bara ekki eitthvað sem við viljum að verði regla smíðuð í ykkar samþykktum, þegar þið hafið ekki komið að blóðtöku og fyrirgefið þið ef hér er of hastarlega kveðið - ekki hundsvit á því hvernig "flóttaviðbrögð hrossa eru vakin".

Í skýrslu starfshóps um blóðtöku úr fylfullum hryssum - segir á bls. 14, að hvergi í lögum nr.55/2013 sé rætt um blóðtöku fylfullra hryssna - og að í 13.gr sömu laga sé ákvæði um reglulegt eftirlit MAST, eftirlit sem byggja eigi á áhættuflokkum - en þetta eftirlit er svokallað óboðað eftirlit, eftirlitsmenn birtist á bæjunum án tilkynningar um komu (óboðað eftirlit)- en við hér teljum, að koma í slíkt eftirlit á "blóðtöku degi" sé hrein og bein aðför að heilbrigði og hollustu í kringum blóðtökuna og skelfir hryssurnar og folöld þeirra, og veldur tryllingi í hópnum sem er óþarfur - Stóðunum má smala saman með auðveldum hætti og hafa með þeim eftirlit, án þess að blanda eftirliti við þá daga sem AKKÚRAT er verið að taka blóð. Enda sé hér att saman - meiningunni að fylgjast með þeim og velferð þeirra - í holdi/haga - og svo verkferlum í réttinni - en það stangast á að okkar viti - og veldur eins og segir; óþarfa stressi og lengir daginn bæði hjá hryssunum/folöldunum og starfsfólkinu öllu - ef að þessu tvennu er blandað saman með tilheyrandi óþarfa stressi og lengingu dags, um eðlilegan gang í verkefninu að tappa blóði af hryssu svo að vel sé og án tafa.

Það er spurning um að senda nefndina með okkur blóðbændum á þessi námskeið sem að rædd eru í grein 3 og sjá hvort að starsmennirnir sem að ráða á - bregði sér ekki líka á þau, svona svo allir séu samstíga í því að kunna að fara með hross og komi þá hrossunum í sameiningu í gegnum básanna án tafa? Þá fyrst væri reglan að virka!

Svo blóðtaka fari vel fram, þurfa allir sem að kenni koma að vera virkir þátttakendur í verkinu að koma merunum í básinn, tryggja öryggi þeirra og standa við þær svo séu rólegar á meðan dýralæknar ná af þeim blóði - TIL ÞESS þarf vant fólk og fumlaus vinnubrögð aðila sem þekkja hvern annan og aðila sem vita hvað þeir eru að gera - ... sérfræðingar á bók, eiga ekkert í slíka framkvæmd og er ekki til nokkurs gagn ef þeir eru bara á staðnum til að "ræða" við og "gera sínar úttektir" / án aðstoðar við það sem fram fer í réttinni hverju sinni. - Auka handtök, við eitthvað sem má gera í sérstakri smölun heim á býlið - til að lesa örmerki og skoða hár og holdafar - daginn sem verið er að taka blóð - er EKKI æskilegt að okkar mati, þegar allir aðrir starfsmenn við blóðtökuna eru og eiga að vera með einbeitingu við að koma merunum á sem faglegastan og fumlausastan hátt í gegnum básana - án tafa!!!

Þar með lýsum við bændur á Lágafelli grein um aukið eftirlit allt í ykkar meðförum í verðandi lögum og reglum, - óhaldbæru auka verklagi, við þá þegar fyrirfram skrifað verklag, hvers og eins í sinni rétt til að koma verkefninu - að taka blóð úr hryssu með aðstoð dýralækna án tafa, - sem aukalegu álagi, sem nefndin hefur hugsað sér og finna má m.a. í 8.gr. C um aukastarfsfólk við blóðtökurnar, - NEMA ef þetta fólk, tekur þá fullan þátt í því verkefni að taka blóðið fumlaust og án tafa - og aðstoðar við burð á brúsum frá blóðbás og kemur fyrir - jafnvel merkir - þó svo að bændur sjái sjálfir um að koma merunum fram í básinn og tryggi þær fyrir blóðtökuna, með þar til gerðum festingum og mýlingum. Við skiljum að auðvitað verður MAST og Innra eftirlit Ísteka að geta haft með okkur eiginlegt eftirlit en það eru ströng tilmæli okkar að þessir eftirlitsaðilar, taki þá HEILAN DAG virkan þátt í því verki sem að vinna á við blóðtökuna þann daginn og skili af sér vinnuframlagi, til að mæta þeirri truflun sem af veru þeirra í réttinni/við blóðbásana óhjálkvæmilega verður (sjá fyrri umræðu í þessu ritverki um eðli hrossa í stóði, gagnvart fólk sem það þekkir ekki og lengdum degi sem af tilkomu auka aðila hlýst). Með þátttöku allra við réttina, er möguleiki á að hrossin skynja ekki breytingarnar í starfsmannahaldinu og hver og einn fær sinn stað í réttinni, til að sinna og truflun milli manna veldur minni röskun í réttarstarfinu.

-

Nefndin verður að gera sér grein fyrir að starfsfólk sem kemur að, - óhjálkvæmilega fer í "spjall" um heima og geima, - bændur á næstu bæjum og verkefni sem að liggja í sveitum önnur - og allar auka mínútur í slíkum töfum - veldur töfum í verkinu - hryssan gerð klár í blóðtöku, blóðtaka og hryssu sleppt frá réttinni, það ferli séu allir með á nótnum - er ekki nema 10 mínútna verk, sé allt eins og það á að vera. 2 mín í truflun í 50 mera stóði er 100 mínútna töf að deginum - og þessi leikur að mínútum og klukkustundum getur auðveldlega orðið til þess að vægi meranna, og þeirra velferð - lýður fyrir. - Þið verðið að gæta ykkar í auknum kröfum, að þær verði ekki íþyngjandi - þó þær séu vel meintar og ætlaðar til betri meðferðar. Hér er þó bent á að vel meining, getur auðveldlega snúist í andstæðu sína, ef að illa er með farið í settum reglum. - Við erum jú öll að miða að því ekki satt, að merarnar þurfi ekki að standa í auknu álagi allann daginn - og lengur, ef eftirlitið er lengi - "með hangandi hendi og langan spurningalista og auka snertingar við hryssurnar í þeirra vinnu við blóðgjöfina" en við lítum svo á að þær viti upp á hár hvað stendur til, og læri hver af annarri ferlið úr haga, í rétt, gegnum rennur og bása og til baka í hagann aftur. Þessi vinna og vinnubrögð er tamning, út af fyrir sig - sem að þessi hross eru vanin á og tamin við og læra að sætta sig við - rétt eins og það að vera beisluð og sett undir hnakk og reiðmaður setjist á þau og ríði eftir reiðmansins vilja, eftir höfði og limum knapans.

Hrossum er það ALLS ekki eðlislægt - sé vísað í “Frelsin fimm” má í raun sjá að flestir þeir sem halda húsdýr yfir höfuð eru að hluta brotlegir um einhvern þátt sem að telur í hverju skrefi töflunnar sem fyrirfinnst í skýrslu ykkar - á bls. 6 (Skýrsla starfshóps um blóðtöku...) - Húsdýr eru í manna höndum - þó vel með farin - skert af náttúrulegu eðli sínu = sem er að ferðast frjáls um haga, velja eigin beit/beitargrös og finna sér skjól fyrir veðri og vindum í náttúrulegum heimkynjum með náttúrulegu skjóli án skerðingar á frelsi og eiga að hafa félagsskap af sinni tegund, - og fá eðlilega útiveru og hey og vatn eftir þörfum. Ef aðstæður þeirra eru skertar - með innlokunum eða þrengri kosti í útigerðum en stórir opnir hagar veita.

Hross eru grasbítar/hjarðdýr, sem að elta nálina að vori, og borða bestu bitana að sumri - viðhalda sér í fitu og að hausti leggja þau áherslu á að borða sig full af tréni, í högum - sem að hafa verið minna nýttir að sumrinu. Þetta sjáum við glögglega hér í okkar hryssuhópi - ráfið á þeim dags daglega allan ársins hring er ákveðið munstur sem að brotið er upp, þegar þau skyndilega eru sett í minni hópa og undir hesta að vori eða svo síðsumars að við tökum hestana úr og sendum þær í stærri hópa til blóðsöfnunar.

Alla blóðsöfnunina losum við hópin við “hryssur sem búnar eru í blóði” og setjum þær í enn einn hópinn, - og þær eru því allt árið að “hefja samræðurnar um hver er leiðtogi hópsins, hver er undirkyllan og hvernig nýta á hagann”.

Hér vitum við vel að við erum með inngríp í stóðin, þegar við vinnu með þau og virðum eftir bestu getu - þau vináttubönd sem myndast hafa, eldri hryssur ganga saman í hólfi ef það er mögulega hægt og yngri í sér hólfi - á meðan hestarnir sinna þeim en svo blöndum við hópana meira þegar þær detta í blóðsöfnunarstóðin, og þá reynum við að blanda þannig að yngri merar fylgi eldri og komi fram meðal þeirra og milli, til að þær haldi ró sinni og geti tekið þátt í starfinu á sem stresslausastan hátt.

Þegar vísað er í “Frelsin fimm” má þó ekki algera fyrir blóðbændur eina - regluna - því þarna er sannarlega vert að rýna í og taka á þeim aðilum í leiðinni í ykkar skýrslu sem að halda hross - kannski 2 saman í útiveru á berangri - með rísa rúllu sem lögð hefur verið fyrir framan þau - og eigendurnir halda góðan aðbúnað. Það vita allir sem halda húsdýr að heyrúllur sem teknar eru úr plasti hitna, það vita líka allir að hross vaða í heyinu, traðka það niður, reka í það rassgat og skíta og liggja svo í öllu saman - og þarna er því - allavega hættum boðið heim - og eftirlit, næst þegar að eigendurnir halda að hrossin þeirra þurfi nú líklega aftur að fá heyrúllu, þó hin sé ekki búin eða það sem er verra - löngu búin, en viðkomandi eigandi komst bara ekki fyrr.

Bændur hér þora að fullyrða að blóðbændur fara um stóðin sín daglega í eftirlit, hér á bæ er þeim gefið daglega og til gjafana notaður þar til gerður afrúllari sem að dreifir heyinu í langar línur um hagara - og tryggir betri aðgang hrossana að heyi. Þau eru sett í hópa sem hæfir tilefni, merar með folöld sem sett eru á eru með ungvíðinu, merar sem eru einar og sjálfar og hafa ekki fyrir neinu að sjá nema sér og væntanlegu folaldi í öðru og merar sem ekki kasta og feitir reiðhestar eru saman - og gjöfinni stillt upp fyrir hvern hóp, eftir þörf fyrir fóðri.

Þetta er gert til að tryggja heyin og að þau nýtist sem best og hrossin séu í réttum holdum/ en eins og áður sagði þá verða heyrúllur sem eru of mikið át fyrir hross í einni gjöf að drullu og hitna = veldur vandræðum í heilsu þeirra og ef ekki það, þá hafa hross ekki gott af því heldur að éta of mikið - og verði of feit, það er í raun hættulegra en að vera aðeins og mjór - sér í lagi ef maður er hryssa komin að köstun.

Ætla að leyfa mér orðrétt að nota orð á bls. 23 í skýrslu ykkar um blóðtöku - en þar segir "Samkvæmt framansögðu þá þykja lög nr. 55/2013, um velferð dýra, fremur skýr hvað varðar heimildir manna til inngripa í líf, heilsu, heilbrigði og atferli dýra, þó ekki sé minnst sérstaklega á blóðtöku úr fylfullum hryssum." / hér segir Blóðbóndinn - já - ... lögin gilda að sjálfsgöðu vel - um allt það starf sem að blóðbændur vinna og þeirra starfsemi, er með leyfi MAST og undir eftirliti færustu dýralækna og við undrum okkur á því að staða starfseminnar sé þessi í dag, þó við séum sammála um að það megi að sjálfsgöðu alltaf taka til - og laga, - þá neitum við alfarið því að leyfa Dýraverndarsamtökum (sem er samtíningur manna og kvenna, sem að hafa yfirlýsta stefnu að koma í veg fyrir allt húsdýrahald - og vilja predika í heiminum um lífsgæði grænpera en um slíkt er vitnað á heimasíðu þeirra - og sagt að allir þeir sem að "rífa kálfa af kúm, - flytja sláturgripi til slátrunar og nú við blóðbændur, séum dýranýðingar, og við séum að brjóta lög og reglur um allavega, dýravelferð" en hingað til höfum við blóðbændur ekkert séð sem sannar að allir þessir sérfræðingar sem fram komu í þeirra "heimildarmyndbandi" séu einmitt þeir sem þeir gefa sig út fyrir að vera "bóndinn sem gefur sig upp sem einu bóndinn sem fjalla vill um blóðtökur, er ekki blóðbóndi""maðurinn sem gefur sig út fyrir að vera dýralögfræðingur, hefur ekki lokið neinu prófi sem slíkur""aðal-ræðiskona og sú er tekur flest viðtöl og mælir í myndbandinu - er yfirlýstur veganisti með það að markmiði að koma ÖLLUM heimsins dýrum í nauð, til hjálpar" - og hér verður minnst á son á Lágafelli, sem lokið hefur Kvikmyndaskóla Íslands - og segir það auðunnið mál að láta "tala yfir og breyta inntaki myndarinnar sem er upphafið að öllu þessu" Gera fólkið sem sagt er nýðast að dýrum, að bjargvættum þeirra og láta dýrin tala - .. hvað sem þarf til að breyta boðskapnum. Og hver segir að honum hafi ekki einmitt verið breytt? / hvar er heildar upptaka þessarar myndar? (myndbandsgerðar?).

Annað af því við tölum um eðli dýra og þessa mynd, sem setið hefur í bændum hér - en í Landeyjum er EKKERT nema gras - það vex gras um allt og hér er enginn náttúrulega tilkominn steinn eða sandur, jú kannski langt í dýpsta grafna skurði en niður á slík lög eru margir metrar - og sú mól sem hér er í kringum hús, réttir og við hlið og í stígum og slóðum - heimkeyrð á bæina og lögð til að bílar og traktorar, aðrar vélar - verði ekki fastar við að keyra heim af túnum eða eftir heimreiðum og í útihús.

Í myndbandinu er nefnt að merarnar leggist allar eftir blóðtökuna og "líði greinilega illa eftir hana" - rétt skal vera rétt - það er í eðli hrossa að velta sér upp úr hreinni mól og sandi - það sjáum við ÖLL sem höldum hross; bæði í gerðunum í Reykjavíkurborg, þegar hrossum er sleppt út eftir innistöðuna og fram að reiðtúr og eftir alla reiðtúra og hér er það sérlega kærkomið bæði fyrir og eftir að merarnar eru reknar í réttina að velta sér vel og mikið úr mólinni sem að er allt í kring og verða nægilega drullugur upp fyrir haus til að fá #fullnægju af veltunum. Slíka hegðun sína öll hross, bæði merar og meira að segja folöldin, sem í okkar tilfelli eru aldrei aðskilin



mæðrum sínum á meðan lítil, þau læra það að fylgja þeim í gegnum rennur og bása og temjast mjög.

Fleira er og má tyna til sem í myndbandinu sést og þykir bændum undarlegt - meðal annars að þar er gagnrýnt að hundar eru látnir elta hrossin og hanga í þeim - en á sama tíma og þetta er ritað, var viðtal við ungan bónda á leið með fé sitt í sumarhagann á RÚV og á eftir fénu með mánaðargömul lömb hlupu Border Collie hundar og smöluðu fénu áfram - af miklum móð og einmitt með glefsum ef að ærnar og lömbin hikuðu - eitthvað sem bændur þurfa að hafa sér til aðstoðar við vinnu sína, ef illa gengur.

Í myndinni er okkar býli í mynd - við að raga hross, sem eru ekki einu sinni blóðhross - og búið að klippa saman fleiri en einn dag - og allt í einu erum við í blóði - ... og hrossin sem við réttina standa, að éta brauð sem við erum að henda til þeirra - og hundarnir í keppni að éta upp líka. Merkilegt að það sé enginn sem rýnir myndina með þeim bændum sem að þarna sjást í mynd til að hægt sé að "rengja hana" - og svara - enda er hún "samsett og ýkir mjög þá starfsemi sem við erum von og þekkjum".

Auðvitað koma upp tilfelli sem eru sérstök og þarf að grípa inn í - og bjarga málum, á skjótan hátt og auðveldan hátt - ... það vita allir hestamenn. Hross eru lifandi verur og 5 x þyngri en venjulegur maður - ... það er því eitthvað sem gengur á ef að þau setja sig föst eða koma sér í vanda, og þess vegna er mikilvægt að nýta allar mögulegar leiðir - þrengingar og bindingar, til að tryggja að þau fari sér ekki að voða í svona blóðtöku. Það er ekki gert af grimmd, eða illsku mannanna - heldur þeim til varnar og til að auðvelda bæði skepnunni og mönnum starfið sem fram fer.

Blóðbændur, eru flestir búnir að endurhanna aðstöðu sína og koma henni inn og frá vegi til að minnka allt áreiti - Ísteka hefur haft hönd í bagga við að útvega nýja bása og við að láta smíða þá og gera tiltæka fyrir bændur. Þessa hönnun má að sjálfsögðu bæta og breyta - en hún virkar vel eins og sett upp í okkar höndum og merarnar fljótar að aðlaga sig því að þurfa að fara inn, en við vorum áður úti. Þetta er eins og áður sagði ALLT TAMNING og þarf til þess skilning á eðli hrossa og þeirra flóttaviðbrögðum, og ef merarnar hér temjast ekki við starfið á 2 - 3 skiptum, þá gefumst við upp, þær eru settar frá og látnar kveðja hópinn. Slík tamning, er líklega fljótari en það að kenna hinu almenna tryppi það að bera knapa, hnakk og bita beislisbúnað og stjórnast af honum - en samt er það ekki tekið í skýrslu ykkar að í umferð eru tamningaraðferðir og búnaður til útreiða sem ekki eiga við í nútíma reiðmennsku - og þarf að gagnrýna og yfirfara hjá flestum hrossaræktendum&bændum með annars konar starfsemi&stöð.

Með bestu kveðju frá Lágafelli

Takk fyrir ykkar starf, auðvitað er gott að yfirfara og setja reglur en varið ykkur á að íþyngja ekki, það eru okkar tilmæli og gerið ráð fyrir Öllum þáttum í hrossaeign landans fyrst farið er í þessa vinnu. Bkv Sæunn, Lágafelli og co

